

Sp. 13. október 1965
3 1

J

Tilkynning frá ríkisstjórninni.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á ríkisráðsfundi hinn 31. ágúst s.l. var utanrrh. Guðmundi Í. Guðmundssyni veitt lausn frá embætti samkv. eigin ósk. Í stað hans var ráðh. Emil Jónsson skipaður utanrrh. og alþm. Eggert G. Þorsteinsson skipaður ráðh. til að fara með þau störf, sem Emil Jónsson hafði þangað til haft með höndum. Ég þakka Guðmundi Í. Guðmundssyni ágætt samstarf og öll hans störf í ríkisstj. á undanförunum árum og býð Eggert G. Þorsteinsson velkominn til starfa.

Drátt fyrir þessi mannskipti og þau, sem áður hafa orðið, er ríkisstj. enn hin sama og skipuð var 20. nóvember 1959, samsteypustjórn Sjálfstfl. og Alþfl. Þegar sú ríkisstj. var mynduð, gaf þáv. hæstv. forsrh., Ólafur Thors, stefnuyfirlýsingu fyrir stjórnarinnar hönd. Meginstefna ríkisstj. er enn hin sama og þar var lýst, að tryggja heilbrigðan grundvöll efnahagslífsins, svo að framleiðsla aukist sem örast, atvinna haldist almenn og örugg og lífsskjör geti farið enn batnandi. Til ^{þess} ~~þess~~ að þessa náist, þarf að gæta þess, að viðunandi greiðslujöfnuður haldist við útlönd ásamt nægilegum gjaldeyrissjóði, enda er það forsenda frjáls innflutnings og lánstrausts þjóðarinnar erlendis. Enn fremur

L-4-

þarf að tryggja, að framkvæmdir fari ekki fram úr sparnaði þjóðarinnar og notkun erlends lánsfjár til langs tíma og hækun kaupgjalds sé í samræmi við framleiðniaukningu og verðhækkanir á íslenskum útflutningsvörum erlendis. Jafnframt verður að hafa greiðsluhalla-
 lausan ríkisbúskap ~~þá~~ og halda aukningu útlána banka innan hæfilegra takmarka. Þá mun ríkisstj. og beita sér fyrir, að sett verði lög um verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ.e. sparifjár og lána til langs tíma. Til þess að draga úr hættunni á áframhaldandi kapphlaupi milli kaupgjalds og verðlags, leggur ríkisstj. áherzlu á málefnalegt samstarf við almannasamtök í landinu, jafnt innan einstakra atvinnugreina og við stéttarfélag verkalyóðs og vinnuveitenda. Vinna ber að því, að þessi samtök nái sem víðtækustum samningum um ágreiningsmál sín, þ.á.χ. verði reynt að endurvekja samstarf framleiðenda og neytenda um ákvörðun búvöruverðs. Gerð verði gangskör að því að kanna, með hverjum hætti íslenskur landbúnaður geti bezt séð þjóðinni fyrir landbúnaðarvörum með sem minnstum tilkostnaði, framleitt samkeppnishæfar vörur til útflutnings og tryggt bændum viðunandi lífsskjör. Á meðal skilyrða þess, að friður ríki milli stétta- og hagsmunahópp er, að fyrir hendi séu hlutlausar upplýsingar um ágreiningsefnin og mun ríkisstj. stuðla að nauðsynlegum rannsóknum og fræðslu með þeim hætti, að samtök aðila telji sig mega treysta því, að rétt sé með farið. Þá mun ríkisstj. beita sér fyrir, að stofnað verði hagrád skipað fulltrúum stjórnvalda, þ.á.χ. samtaka sveitarfélaganna, atvinnuvega, launtaka og vinnuveitenda. Hagráð ræði ástand og horfur efnahagsmála og meginstefnuna í þeim

Hdl

xdl

xdl

Hdl

málum og fáa til umsagnar þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir. Sérstakar áætlanir verða gerðar um framkvæmdir í einstökum landshlutum svipað og unnið er að fyrir Vestfirði nú. Ríkisstj. leggur áherzlu á, að haldið verði áfram framkvæmdum við þá vinnuhagfræðingu, sem hafin er í landinu til þess með þeim hætti að bæta samkeppnisástöðu atvinnuveganna. Í sama tilgangi mun ríkisstj. styðja framkvæmdir og endurbætur, er miða að því að auka afköst og bæta nýtingu íslenzkrar efnivöru. Ríkisstj. vill stuðla að því, að raunhæf verði sú stytting vinnutímans, sem kaupgjaldssamningar á s.l. sumri stefndu að og beita sér fyrir nauðsynlegri lagasetningu í því skyni í samráði við aðila. Jafnframt verði athugað að setja reglur um orlof í samræmi við það, sem nú tíðkast á hinum Norðurlöndunum.

Ríkisstj. mun beita sér fyrir endurbótum á löggjöf um aðstoð við húsbyggingar og framkvæmdum í leim efnunum í samræmi við yfirlýsingu sína hinn 9. júlí s.l. Stefnt verður að því að koma á staðgreiðslukerfi skatta á árinu 1967. Hert verður á tollgæzlu og skatteftirliti, til þess að skatt- og tollheimtagangi jafnt yfir alla. Sett verður á stofn sérstök hagsýsludeild í fjmrn. til þess að tryggja sem best hagsýni og ráðdeild í meðferð opinbers fjár. Ríkisstj. hefur látið semja grg. um möguleika á lífeyrissjóði fyrir alla landsmenn og mun undirbúningi þeirrar réttabótar haldið ósleitilega áfram. Fyrirhugað er að leggja Framkvæmdabankann niður, en styrkja um leið stofnlánasjóði atvinnuveganna, koma á hagkvæmari skipun þeirra sjóða og banka, sem fást við veitingu framkvæmdalána og stofna framkvæmdasjóð strjálbýlisins. Unnið er að því að koma upp nýkjum atvinnu-

L-m-

L p-

L l-

L-a-

greinum, kísilgúrvinnslu við Mývatn og aluminium-
vinnslu í sambandi við virkjun Þjórsár. Einn er þó ekki
sýnt, hvort samningar tækst um þessi mikilsverðu mann-
virki og mun Alþ. jafnóðum látið fylgjast með málum,
enda er ákvörðunarvaldið um þau í þess höndum. Ríkis-
stj. mun beita sér fyrir setningu laga um eignar- og
afnotarétt fasteigna. Ráðgerð er heildarendurskoðun á
þeim þáttum skólalöggjafarinnar, sem ekki hafa verið
endurskoðaðir á undanförunum árum í þeim tilgangi að
laga námsefni og skipulag skólanna að breyttum þjóð-
félagsháttum, setja nýjar og einfaldari reglur um sam-
skipti ríkis og sveitarfélaga um stofnun og rekstur
skóla og endurskipuleggja yfirstjórn fræðslumála.
Teknar verði upp skipulegar, vísindalegar rannsóknir í
skóla- og uppeldismálum. Samin verður framkvæmdaáætlun
um skólabyggingar á næstu árum og verður þar stefnt
að því að fullnægja með skipulegum hætti þörf fyrir
skólahúsnæði á öllum skólastigum. Gerð verður áætlun
um eflingu íslenzkra rannsókna, bæði í raunvísindum og
hagvísindum. Sérstök athugun mun fara fram í samráði
við háskólaráð á nauðsynlegri eflingu Háskóla Íslands á
næstu árum. Ríkisstj. mun beita sér fyrir, að sett
verði ný löggjöf um iðnfræðslu.

Ríkisstj. mun eftir því, sem frekast gefst færi til
halda áfram að vinna að viðurkenningu annarra ríkja á
rétti Íslands til ~~kaug~~ landgrunnsins alls sbr. ályktun
Alþingis 5. maí 1959. Kannað verður til hlífðar, hvort
rétt sé, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbanda-
lagi Evrópu, EFTA, og mun Alþ. látið fylgjast með at-
hugun málsins.

Hdl

Í utanríkismálum mun ríkisstj. enn sem fyrr taka
heilshugar þátt í starfi Sameinuðu þjóðanna, norrænni
samvinnu og friðarvörzlu Atlantshafsbandalagsins.

A ríkisráðgjafi hinna s.l. vor
 utanríkisráðherra Guðmundi Þ. Guðmunds-
 syri veitt lausn frá embætti: samkvæmt
 eigin ósk. Í stat laus vor ^{ráðherra} Emil
 Guðsson skipstjóri utanríkisráðherra
 og alþingismáttur Eggert Þorsteinsson
 skipstjóri ráðherra til að fara með
 þau störf, sem Emil Guðsson
 heft: þangað til heft með höndum

frátt fyrir þessi manna skifti og
 þau, sem áður hafa orðið, er ríkis-
 stjórnin ein hin sama og skipstjóri
 var hinna 20. nóvember 1959, sam-
 stæpptjórn Sjálfstæðisflokks og
 Alþingisflokks. Þegar síðri stjórnin var
 mynduð gaf þáverandi hæstvintur
 forsætisráðherra Ólafur Thors, svo-
 tilgáandi stefnu- og fjárfisráðgjafi
 fyrir stjórnmáttum hönd:

L